

**Nd.**

**692. Nefndarálit**

**[123. mál]**

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað ítarlega um frv. á fjölmörgum fundum, athugað umsagnir sem borist hafa og kallað fyrir nefndina ýmsa þá sem málið hefur varðað. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykki frv. með breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali. Í því sambandi þykir rétt að taka fram:

1. Á undanförunum árum hefur eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins brunnið upp í verðbólgu og framlög til hans úr ríkissjóði lækkað mjög verulega frá 1978 sem hlutfall af ráðstöfunarfé hans. Eftir stjórnarskiptin á s. l. vori var ákveðið að hækka lán til bygginga og kaupa á íbúðum mjög verulega og er því fylgt eftir með því að ákveðið er í frv. að árleg framlög úr ríkissjóði skuli eigi nema lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins fyrir viðkomandi ár, enda sé hún samþykkt af félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra.
2. Í brtt. nefndarinnar eru vikkaðar heimildir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, þannig að lánveitingar í því skyni eru ekki bundnar við sveitarstjórnir.
3. Lagt er til að félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast viðhald á íbúðum félagsmanna, sé heimilt að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur.
4. Endurgreiðsla á skyldusparnaði nemenda er takmörkuð, þannig að hún sé ekki innt af hendi á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.

Meiri hl. nefndarinnar tekur fram, að gefnu tilefni, að 1. tl. 11. gr., sbr. 13. gr., tekur til byggingar íbúða, þ. á m. leiguíbúða, sem ætlaðar eru fyrir almennan markað, enda kveðið skýrt á um það í c-lið 33. gr. að þar er fjallað um leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

Einn nefndarmanna, Valgerður Sverrisdóttir, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1984.

Þorsteinn Pálsson,  
form.

Halldór Blöndal,  
frsm.

Stefán Guðmundsson.

Eggert Haukdal.